


Gengi 127,59	Gengismunur 0,9%	Umsýsluþóknun 0,9%	Meðallíftími [ár] 6,3	Stærð 2 milljarðar
------------------------	----------------------------	------------------------------	---------------------------------	------------------------------

GAMMA: Covered Bond Fund

GAMMA: Covered Bond Fund er fjárfestingarsjóður, skv. lögum 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, sem fjárfestir að meginhluta í sértrygðum skuldabréfum, útgefnum í samræmi við lög 11/2008 um sértrygð skuldabréf. Auk þess hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í skuldabréfum með ríkisábyrgð og nýta sér afleiðusamninga til áhættustýringar.


Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka að raunvirði verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu í sértrygðum skuldabréfum. Helstu fjárfestingarákvarðanir sjóðsins eru ákvarðaðar af skuldabréfateymi GAMMA. Víðtæk sérfræðikunnátta sjóðsstjóra GAMMA á íslenskum og erlendum fjármálamörkuðum á sviði skuldabréfa og annarra vaxtaafurða er nýtt til að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu.

Gengisþróun



*Söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun

Söguleg ávöxtun



Fjárfestingarviðmið


Sértrygð skuldabréf skv. lögum 11/2008:.....25-100%
Skuldabréf og vixlar m. ríkisábyrgð:.....0-50%

Helstu upplýsingar

Rekstrarform:	Fjárfestingarsjóður
Gjaldmiðill:	ISK
Lágmarksupphæð:	10þ. kr.
Sölu tímabil:	Viðskiptadagar fyrir kl. 14:00
Gengisuppreikningur:	Daglega í lok dags (T+2)
Uppgjör innlausna:	T+2
Skráning:	Rafrænt hjá Verðbréfaskr.
*90 daga flökt:	2,0%
Verðtryggt:	63%
Rekstraraðili:	GAMMA
Vörsluaðili:	T plús
Stofnár:	2015
ISIN kóði:	IS0000025583
Bloomberg auðkenni:	GAMCBFI
LEI númer:	2549003XKEJ4YVLKK633

Eignaskipting

*Sveiflur í ávöxtun síðustu 90 daga



10 stærstu eignir

1. ARION CBI 25 - 15%
2. LBANK CBI 28 - 11%
3. ARION CB 22 - 11%
4. RIKB 25 0612 - 11%
5. ISK - 6%
6. ARION CBI 48 - 6%
7. ISLA CBI 26 - 6%
8. LBANK CBI 24 - 5%
9. RIKS 33 0321 - 5%
10. ISLA CBI 24 - 4%

Árangur sjóðs

	Heildar- ávöxtun	Árleg nafnávöxtun	Árleg raunávöxtun
1 ár	5,8%	5,8%	2,0%
2 ár	12,9%	6,2%	3,3%
3 ár	19,5%	6,1%	3,5%
FS*	27,6%	6,4%	3,9%

*Frá stofnun

Söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

GAMMA Capital Management

Reykjavík

Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sími: 519 3300
gamma@gamma.is



London

25 Upper Brook Street, Mayfair,
London W1K7QD
Sími: +44 (0) 207 429 2200
gcm@gcm.co.uk



Sýn sjóðsstjóra

GAMMA: Covered hækkaði um 1,3% í desember en sértryggða vísitalan GAMMAcb hækkaði um 0,8%. Árið 2018 hækkaði Covered um 5,8% en ávöxtun vísitölunnar var 7,5%.

Verðtryggingarhlutfall sjóðsins lækkaði aðeins og er nú 63% og meðallíftími lækkaði 6,7 ár í 6,3 ár.

Krónan, mælt með gengisvísitölunni, styrktist um 5,0% í desember og gekk því ársveikingin að talsverðu leyti til baka á seinustu vikum ársins - nemur ársveiking árið 2018 um 6,45%. Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,74% á milli mánaða í desember og hækkaði tólf mánaða verðbólga því í 3,7% úr 3,3% í nóvember. Hækkun vísitölunnar án húsnæðisliðarins er sem fyrr nokkuð lægri, eða 2,7% s.l. 12 mánuði. Verðbólguálag náði hæstu hæðum á árinu í lok nóvember, um 4,6% til 2021 og 4,30% til 2030 en lækkaði í desember í 4,15% og 3,95%. Var það það meira en tvöföldun á 3 ára álagi, sem hóf árið í um 2,0%, og um 1,5% hækkun á álagi til 2030, úr 2,45% í byrjun árs.

Í rökstuðningi Peningastefnuneftar Seðlabanka Íslands fyrir óbreyttum vöxtum í 4,5% í desember, kemur fram að lækkun raunvaxta milli funda væri fyrst og fremst tilkomin vegna skammtímaáhrifa gengislækkunarinnar á verðbólgu og skammtímaverðbólguvæntingar og að forsendur gætu verið til staðar fyrir lægri raunvöxtum en ella. Einnig var nefnt að auknar líkur væru á að til verkfalla kæmi á nýju ári. Hvort sem til harðra átaka kemur á nýju ári á vinnumarkaði, er kólnun hagkerfisins óumflýjanleg og raunstyrivextir Seðlabankans munu fara og vera undir 1% ef marka má seinustu fundargerð. Binding innflæðishaftanna mun jafnframt að öllum líkindum verða færð í núll á næstu mánuðum og verða langtíma nafnvextir í 5,4% að teljast nokkuð álitlegir fyrir erlenda fjárfesta. Við reiknum með að verðbólga fari tímabundið í byrjun árs í átt að og hugsanlega lítillaga yfir núverandi verðbólguálag á markaði en fari svo hnígandi. Styttri og lengri tíma raunvextir virðast vera verðlagðir nú í samræmi við lækkandi raunstyrivexti en meiri líkur en minni eru á nafnvextir til skemmri og lengri tíma muni lækka á árinu.

Áhætta

Ýmis áhætta felst í fjárfestingu í fjárfestingarsjóði. Ber þar helst að geta markaðs-, vaxta-, lausafjár- og mótaðilaáhætta sem mynda óvissu um framtíðar framvindu á verðbréfamarkaði. Markaðs- og mótaðilaáhætta er mikil þegar um er að ræða annan útgefanda á skuldabréfum en ríkið. Áhættan er óhjákvæmileg í markmiði sjóðsins að fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum. Frá sölu í sjóðnum til afhendingar á reiðufé líða 5 dagar sem dregur úr lausafjárahættu sjóðsins. Auk þess geymir sjóðurinn hluta eignasafnsins í reiðufé eða auðseljanlegum eignum. Nánari upplýsingar um áhættu sjóða má nálgast á heimasíðu GAMMA, www.gamma.is.

Um GAMMA og sjóðsstjóra

GAMMA Capital Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA var stofnað í júní 2008 og er með um 140 milljarða króna í stýringu fyrir lífeyrissjóði, tryggingafélög, fyrirtæki og einstaklinga. GAMMA er einnig umboðsaðili fyrir PIMCO á Íslandi sem er eitt stærsta eignastýringarfyrirtæki heims.

Sjóðsstjóri er Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur. Áður starfaði hann hjá ABN AMRO í London við verðbólgutengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðast hjá Royal Bank of Scotland sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Valdimar starfaði árin 2000-2002 hjá Búnaðarbankanum í afleiðum og gjaldeyrisviðskiptum. Valdimar er einnig aðjúnkt við Háskóla Íslands og kennir hann nú m.a. námskeiðið Skuldabréf í meistaranámi í fjármálahagfræði. Valdimar hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum í London, New York og á Íslandi.

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAMMA Capital Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAMMA Capital Management hf. og stáfar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAMMA Capital Management hf. er rekstrarfélag fjárfestingarsjóðs GAMMA. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAMMA Capital Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almenn fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflóks gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

Helstu atriði

- Gengi GAMMA: COVERED hækkaði um 5,8%.
- Sértryggða vísitalan GAMMAcb hækkaði um 7,5%.
- Krónan veiktist um 6,5% á árinu.
- Verðbólgan var 3,7%.
- Verðbólguálag hefur lækkað aftur en hækkaði á árinu.
- Líklegt að bindiskylda innflæðishaftanna verði lækkuð í 0 í byrjun árs.
- Erlent innflæði líklegt í ljós álitlegs gengis og hárra langtíma nafnvaxta.
- Vaxtahækkunar ólíklegar vegna óvissu í hagkerfinu og vísbendingar eru um kólnun.

Helstu áhættuþættir

- **Markaðsáhætta:** Þónokkur
- **Mótaðilaáhætta:** Fremur lítil
- **Lausafjáraáhætta:** Lítil

Skuldabréfateymi

Valdimar Ármann valdimar@gamma.is	Sjóðsstjóri s: 519 3304
Agnar T. Möller agnar@gamma.is	Sjóðsstjóri s: 519 3302
Guðmundur Björnsson mummi@gamma.is	s: 519 3303